

### STRANDGATA 8-10 HAFNARFIRÐI

AFSTOÐUMYND 1 500

LANDNUMER 122392  
 STAÐGREINIR 1400-1-84000080  
 LOÐARSTÆRÐ 509m<sup>2</sup>  
 Matshluti 01  
 BIRT STÆRÐ HUSS samkvæmt fasteignaskra  
 Fastanr 2079435 = 1571,0 m<sup>2</sup>  
 Fastanr 2079436 = 255,8 m<sup>2</sup>

BYGGINGARAR 1961  
 UPPRUNANLEGUR HONNUÐUR Hannes Kr Davíðsson

Starfsemi hússins  
 Banki og skrifstofur

### Niðurstöður brunavarna

Brunahönnun þessi fjallar um jarðhæð Strandgotu 8-10, Hafnarfirði. Byggingin er steinsteypt, fjórar hæðir og kjalalri að hluta. Á hæðinni er bankaútbú. Eftirfarandi brunavarnateksti og lausnir eru gerðar af VSI Öryggishönnun og raðgjöf 1 jan 2012, verk númer 12-103. Henni fylgir ekki skýrsla.

### Brunasamstæður, brunahólf

Fyrsta hæðin ásamt litlum rýmum í kjallara og kaffistofu starfsfolks á millipalli mynda eina brunasamstæðu. Stugahús myndar brunastúku á milli hæða. Brunahólf skulu almennt vera a m k EI 60 veggir með EI2 30-CSm/E 30-CSm hurðum. Gler í brunahólfandi veggjum er almennt a m k E30 skv ÍST EN 357 2000. Afgreiðslusalur ásamt litlum rýmum í kjallara og kaffistofu á millipalli er eitt brunahólf, samtals u þ b 550 m<sup>2</sup>. Stugahús og lyfta skulu vera saman í einu brunahólfi á öllum hæðum. Tæknirými, vélarhús lyftu og rými fyrir netþjón í kjallara verða öll sér brunahólf. Lagnastokkar eru með EI90 lokun í hæðaskilum. Hurðir í brunahólfun mega vera á hurðaseglum sem sleppa þeim við boð frá brunaviðvornarkerfi. Sambrunahætta á þessari hæð milli bakhlíðar Strandgotu 8 og Linnetstígs 3 er talin ásættanleg og ekki þörf á eldvarmagleri.

### Burðarvirki og klæðningar

Héi er um að ræða eldri byggingu með steypu burðarvirki. Gert er ráð fyrir að burðarvirki uppfylli krovfu byggingarreglugerðar sem eru a m k R90 á fyrstu hæð. Burðarvirki stuga er a m k A-R30 og hæðaskil a m k REI90. Innanhúsklæðningar (þ m t efni í lagnastokkum) verða í flokki 1 skv ÍST EN 13501. Gólfefni verða í flokki G og utanhúsklæðningar í flokki 1 skv sama staðli. Upphengd loft verða ur A-efnum. Lagnastokkar skulu vera ur A-efnum. Þakklæðningar verða a m k í flokki B(roof) (t2).

### Flóttaleiðir

Hvergi er lengra en 25 m í útgang eða annað brunahólf. Frá hverju brunahólfi eru a m k tvær óháðar flóttaleiðir. Flóttahurð við hlíð hringhurðar og flóttahurð út á baklóð verða búnar neyðaröppunarbúnaði (paníkslá).

### Brunaviðvornarkerfi

Viðurkennt númerað brunaviðvornarkerfi verður í öllu húsinu skv reglum Mannvirkjastofnunar og íslenskum stoðlum (IST EN 1838, IST EN 50172). Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð. Jafarþúnaður getur verið hurðaseglar, blásarar og bruna- og reyklokur lofttræsikerfis og raflæsingar. Stjornstöð ásamt yfirlitsmynd er/verður á fyrstu hæð stugahúss.

### Lofttræsikerfi

Þannig skal gengið frá lofttræsikerfum að þau rýni ekki brunahólfun byggingarinnar og stuðli ekki að reykútbreiðslu við bruna. Byggt skal á íslenskum staðli og nýjustu útgáfu af DS 428 staðli. Bruna- og reyklokur (a m k EI 60CS /E 60 CS) verða í brunasamstæðuskilum. Við brunaboð skulu bruna- og/eða reyklokur lokast blásarar brunaviðvornarkerfis stoðvast.

### Reyklosun

Reyklosun úr rýminu er um glugga og hurðir. Reyklosun ur stugahúsi verður með opnanlegri hurð á efstu hæð. Hurðin verður með rúðu sem slökkvilið getur brotið ef með þarf.

### Slongukefli og slökkvitæki


Slongukefli skv ÍST EN 671-1 verður miðsvæðis á hæðinni og skal ná út í öll hönn. Slökkvitæki skv ÍST EN 3 skulu mi a staðsettar við flóttaleiðir, í bakgangi og við tæknirými. Hámarks fjarlægð í næsta slökkvitæki ma hvergi vera meira en 25 m. Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila. Staðsetning brunaslanga og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum af hæfilegri stærð miðað við sjónfjarlægð.

### Út- og neyðarlýsing

Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv byggingarreglugerð og íslenskum stoðlum (s s ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172). Reikna skal með a m k 1 lux á flóttaleiðum en 0,5 lux í stærri rýmum (>60 m<sup>2</sup>) svo sem í afgreiðslusal og einnig í fólkslyftum og salinum fyrir fatlaða. Neyðarlýsing verður í tæknirýmum. Lýsing þarf að vera utanhúss við neyðarstuga og utdyr flóttaleiða.

### Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa

Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (brunaviðvornarkerfi ásamt jafarþúnaði, brunavarnabúnaði lofttræsikerfa, handvirkum slökkvibúnaði, út- og neyðarlýsingu). Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir Byr/Íslandsbanka og Strandgotu 8-10.



### Umsókn desember 2013

Sott er um eftirfarandi breytingar. Að setja upp skýli við hraðbankann samkvæmt meðfylgjandi teikningum. Veggur skýlisins sem snyr ut að Strandgotunni er stalrammi með gleri. Veggurinn sem snyr ut að Linnetstíg er ur stalplotu. Þakið er ur stali. Allt stal er polyhuðað rautt.

A	SH	SH	11 12 2013
Umsókn um leyfi til að setja upp skýli uti við hraðbankann			
UTGAFA	TEKNIAD	SAUNYRKT	DAGS
BREYTINGAR			

ASK Arkitektar  
 Geirsgotu 9  
 101 Reykjavík  
 Sími 515 0300  
 Fax 515 0319  
 www.ask.is

Artur Ólafsson  
 Sigrður Halldórsdóttir  
 Arkitekt FA I Rt 010661 4719  
 sigrdur@ask.is

ASK  
 ARKITEKTAR

Strandgata 8-10 Hafnarfirður		Aðalteikning	
VERKFRÍ	HEITI TEIKNINGAR	MKV I A2	1 500@A2
	Afstöðumynd	TEKNIAD	sh
		DAGS	10 01 2012
VERKFRÍ	NUMER TEIKNINGAR	UTGAFA	A
0721	10-01		